

Fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur
(Fiskabúrið)
Þverá
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 18. desember 2020
UST202011-293/H.R.A.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 27. nóvember sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíka er fram komu í eftirliti stofnunarinnar, í fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur (Fiskabúrið) að Þverá í Vatnsfirði þann 2. júlí sl. Frestur var veittur til 10. desember sl. til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr 2.3 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á sjó.** Mikið er um byggingarefni, timbur, dekk, brotajárn, fiskikör ofl. á lóðinni. Rekstraraðila er skylt að sjá um að öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal þannig frágengið að það ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna
2. **Gr. 2.4 og 2.5 starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á sjó.** Ábendingar hafa borist Umhverfisstofnun um að rekstraraðili fari með dauðfisk og slóg af fiski í fjöruna og að sögn rekstraraðila gerir hann það til að fóðra villta fugla á svæðinu. Endurvinna skal allan úrgang sem fellur til í starfseminni eins og kostur er eða koma í viðurkenndan farveg. Þá er rekstraraðila skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að úrgangi á vegum rekstraraðila eftir því sem við á.
3. **Lög nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.** Ummerki voru um að rekstraraðili væri að tyrfa yfir ýmsan úrgang meðfram aðrennislögnum. Slík landmótun/urðun er starfsleyfisskyld starfsemi sem rekstraraðili hefur ekki heimild fyrir.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 10. desember sl.. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 8. janúar nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 37.620 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á helga.arnarsdottir@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis